

b) aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi; enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

10. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 10

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

AUGLÝSING

6

1. febr.

um fullgildingu samþykktar um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO).

Samkvæmt heimild í lögum nr. 52/1960 hefur samþykkt frá 6. marz 1958 um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO) verið fullgilt af Íslands hálfu.

Forstjóra Sameinuðu þjóðanna var afhent fullgildingarskjalið hinn 8. nóvember 1960 og miðast gildistaka samþykktarinnar að því er Ísland varðar við þann dag.

Fullgilding Íslands var gerð með þeim fyrirvara, að Ísland muni taka staðfestingu sína til athugunar á ný, ef síðar yrði ákveðið, að siglingamálastofnunin (IMCO) skyldi einnig fjalla um mál, sem eru algerlega fjármálalegs eða viðskiptalegs eðlis. Samtímis var því lýst yfir, að af Íslands hálfu væri áherzla lögð á raunhæft gildi 59. gr. samþykktarinnar, varðandi uppsögn á þátttöku.

Samþykkt þessi er birt sem fylgiskjal með lögum nr. 52/1960.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 1. febrúar 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.